





BLÁSKÓGABYGGÐ Aðalskipulag 2015 - 2027

Eyvindartunga - Langahlíð E19

Stækkun efnisnámu

11. mars 2021, endursk: 16. mars 2022 og 12. febrúar 2024



SKÝRINGAR

ATVINNA OG BYGGÐ

- F Fristundabyggð
- Landbúnaðarsvæði
- SL Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Óbyggð svæði
- E Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- lónaðarsvæði

SAMGÖNGUR OG VEITUR

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Héraðsvegir/landsvegir
- Reiðleiðir

TAKMARKANIR Á LANDNOTKUN

- Friðlýst svæði
- Svæði á náttúruminjaskrá
- Hverfisvernd
- Vatnsból
- Verndun vatnasviðs þingvallavatns

TÁKN TIL SKÝRINGAR

- Landamerki, óviss og ekki tæmandi
- Ræktað land
- Skipulagsmörk
- Þéttbýli

1. Inngangur

Landeigendur Eyvindartungu í Laugardal ráðgera að stækka efnisnámu, sem merkt er E19 - Langahlíð, malar-náma, í aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 - 2027. Náman er staðsett um það bil 3 kílómetra vestan við hringtorgið á Laugarvatni.

2. Forsendur

Fyrirhugaður er fjöldi framkvæmda í næsta nágrenni við námuna, m.a. áframhaldandi og nýframkvæmdir er fylgja munu samþykkt á nýju deiliskipulagi fyrir Laugarvatn ofl. Vegagerðin telur mikið fengið með því að þurfa ekki að aka langar leiðir með efni.

3. Deiliskipulag

Ráðgert er að vinna deiliskipulag samhliða aðalskipulagsbreytingu þessari, þar sem nánar er gert grein fyrir staðsetningu námunnar og aðkomu, sem er frá Lyngdalsheiðarvegi.

4. Stefna á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027

Í kafla 2.4.9 Efnistöku- og efnislosunarsvæði bls. 33 í aðalskipulagi Bláskógabyggðar er fjallað um markmið og leiðir varðandi efnisnámur í sveitarfélaginu sem eru eftirfarandi:

Markmið:

- Lögð er áhersla á nægt framboð efnistökusvæða og þau séu í námunda við notkunarstað efnis.
- Stærri efnistökusvæði verði ekki á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, s.s. friðlýstum svæðum, svæðum á náttúruminjaskrá eða hverfisverndarsvæðum.
- Efnistökusvæði skulu hafa framkvæmdaleyfi skv. lögum.
- Áhersla er á góða umgengni á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok.

Leiðir:

- o Þau efnistökusvæði sem eru skilgreind í aðalskipulaginu eru til mismunandi nota og uppfylla fyrirhugaðar þarfir á skipulagstímanum.
- o Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.
- o Á skipulagstímanum skal fylgja því eftir að öll efnistöku og efnislosunarsvæði hafi framkvæmdaleyfi.
- o Vanda skal frágang efnistökusvæða og aðlaga þau að nærliggjandi umhverfi.

5. Fornleifar

Ekki eru fornleifar á svæðinu svo vitað sé. Ítarleg greining á vegstæði Lyngdalsheiðarveggar (m.a. fornleifaskráning) átti sér við hönnun vegarins, er tekinn var í notkun hausti 2010.

5. Aðalskipulagsbreyting

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir að námán sé 2 ha að stærð og áætluð efnistaka er allt að 50.000 m³. Samkvæmt aðalskipulagsbreytingu þessari er gert ráð fyrir að námán verði 4.95 ha að stærð og áætluð efnistaka verði allt að 149.500 m³ af frostfríu burðarhæfu byggingaefni. Efnistaka á ári er breytileg eftir því hvernig eftirspurn eftir efni verður háttáð hverju sinni.

Breyting á töflu, Efnistökusvæði bls. 35 í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 er eftirfarandi:

Núverandi skráning:

Efnistökusvæði			
Nr.	heiti	Lýsing	Jörð
E19	Langahlíð	Malarnáma. Stærð er allt að 2 ha. Áætluð efnistaka er allt að 50.000 m ³ .	Eyvindartunga
Verður:			
E19	Langahlíð	Malarnáma. Stærð er allt að 4.95 ha. Áætluð efnistaka er allt að 149.500 m ³ .	Eyvindartunga

Aðkoma að námunni er til suðurs frá Lyngdalsheiðarvegi og liggur fyrir heimild Vegagerðarinnar fyrir nýrri veltengingu með ákveðnum skilyrðum er varða tæknilega útfærslu og nýtingu tengingarinnar sem nánar er gert grein fyrir í deiliskipulagi.

Breyting á töflu, Skógræktar- og landgræðslusvæði bls. 18 í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 er eftirfarandi:

Núverandi skráning:

Skógræktar- og landgræðslusvæði		
Nr.	heiti/jörð	Lýsing
SL4	Eyvindartunga	Skógræktarsvæði, stærð svæðis er um 135 ha
Verður:		
SL4	Eyvindartunga	Skógræktarsvæði, stærð svæðis er um 132 ha

7. Áhrifamat

Þar sem áætlað efnistökusvæði er minna en 50.000 fm og ráðgert er að taka minna 150.000 rúmmetra af efni úr námunni fellur efnistakan undir lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 111/2021. Lítið fer fyrir námunni í landslagi en hún er staðsett við Lyngdalsheiðarveginn þar sem landið lækkar til austurs. Af þeim sökum fellur efnistaka að landslaginu. Í 3-400 metra fjarlægð frá námunni er útsýnissvæði að Kolhól en námasvæðið er ekki sýnilegt frá útsýnisstaðnum vegna þess að hóllir skuggir á. Sunnan og austan námunnar er skógræktarsvæði. Núverandi gróður á efnistökusvæðinu er lyng og mosi. Þ.e. upprunalegur gróður en námán er í um 170 metra hæð yfir sjávarmáli. Landið umhverfis námuna er nú að mestu nýtt til sumarþeirrar fyrir búfé. Við efnistöku verður þess gætt að því að gengið verði frá þeim hlutum námunnar jafnóðum og efnistöku úr þeim er lokið og efni haugsett þannig að falli að landslagi. Þannig verður mold tekin af tiltölulega stóru svæði og haugsett. Sád verður á börnum námunnar og kantar gerðir ávallir til þess að þar festi gróður og að komið verði í veg fyrir fok. Til að lágmarka sjónræn áhrif á efnistöku tíma er gert ráð fyrir að efnistaka hefjist syðst á námu-svæðinu og fari síðan smám saman til norðurs í átt að Lyngdalsheiðarvegi. Að efnistöku lokinni verður landið sléttað og sáð í sárin til að lágmarka áhrif (s.s. sjónræn áhrif) til lengri tíma lítið. Frágangur verður að öðru leyti með sama hætti og tíðkast hjá Vegagerðinni. Náman er í töluverðri fjarlægð frá allri byggð þannig að ekki er talið að íbúar svæðisins né t.d. sumarhúsa-eigendur verði fyrir neikvæðum áhrifum vegna efnistökkunnar s.s. hávaða, mengun eða foki. Þá er ekki talið að námütakan hafi mikil neikvæð áhrif á útivist vegna nálægðar námunnar við Lyngdalsheiðarveg, þ.e. á svæðinu eru þegar umhverfisáhrif vegna hávaða frá umferð.


8. Framkvæmdaleyfi

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 er efnistaka á landi, úr ám og vötnum ásamt breytingu lands með jarðvegi s.s. efnislosun háð framkvæmdaleyfi. Þegar sótt er um framkvæmdaleyfi skal skv. 7. gr. laganna gera grein fyrir stærð efnistökusvæðis, áætluðu efnismagni, vinnslu-tíma og frágangi efnistökuastaðar að vinnslutíma loknum. Sækja þarf um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar vegna efnistöku. Efnistaka skal vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlun.

Gerð var sú lagfæring á auglýstri tillögu að efnistakan fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 111/2021, en ekki lög nr. nr. 106/2000 sem vitnað var í, í auglýstri tillögu, sem féllu úr gildi þegar framangreind lög tóku gildi.

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem kynnt hefur verið samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og auglýst samkvæmt 31. gr. sömu laga var samþykkt í sveitarstjórn þann 20.12.2023

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 22.2.2024



Pétur H. Jónsson skipulagsfr. arkitekt f.a.í.
Laugaveg 13, 101 Reykjavík
Sími: 562-4140 netfang: ima@simnet.is